



Svar við skriflegri fyrirspurn um vegabréfafrelsi innan Norðurlanda

Norðurlandaráð hefur beint eftirfarandi fyrirspurnum um
vegabréfafrelsi til ríkisstjórna Norðurlanda:

*Til hvaða aðgerða hyggjast ríkisstjórnirnar grípa til að efla og
viðhalda vegabréfafrelsi á Norðurlöndum?*

Ríkisstjórnir Norðurlandanna taka undir að rétturinn til þess að
þurfa ekki að framvísa vegabréfi eða öðrum ferðaskilríkjum
þegar ferðast milli norrænu landanna er grunnstoð hins norræna
samstarfs.

Vegabréfafrelsið afnemur þó ekki skyldu ferðalanga til að geta
eftir þörfum sannað deili á sér og sýnt fram á þjóðerni, einnig við
dvöl í norrænum nágrannalöndum. Þess vegna mælir meðal
annars sænska lögreglan með því að norrænir ríkisborarar
ferðist með vegabréf eða gilt nafnskrirteini þegar þeir ferðast á
Norðurlöndum. Um leið segir lögreglan að önnur gild norræn
persónuskilríki, t.d. ökuskirteini, séu tekin gild. Þetta eru einnig

þær upplýsingar sem stór samgöngufyrirtæki sem selja ferðir innan Norðurlanda gefa upp á vefsvæðum sínum.

Ekki er hægt að útiloka að samgöngufyrirtæki fari á einkaréttarlegum grundvelli fram á að kaupendur samgönguferða verði reiðubúnir til að sýna vegabréf eða landsbundið nafnskirteini, einnig þegar ferðast er innan Norðurlanda. Í slíkum tilvikum væri það kaupandans að ákveða hvort hann sé tilbúinn til að samþykkja slík skilyrði.

Ríkisstjórnirnar telja vegabréfafrelsi á Norðurlöndum virka vel og fyrirhuga ekki í ljósi núverandi aðstæðna að grípa til sérstakra aðgerða til að efla og viðhalda vegabréfafrelsi.

Eru einhverjar viðræður í gangi við ferðaþjónustuna um þetta málefni?

Ríkisstjórnirnar eru reglulega í sambandi við ferðaþjónustuna um ýmis málefni, en sem stendur eru engar beinar viðræður um vegabréfafrelsi á Norðurlöndum.

Hvenær er þess vænst að fullt vegabréfafrelsi ríki á ný eins og gildandi samningar mæla fyrir um?

Að mati ríkisstjórnanna er vegabréfafrelsi á Norðurlöndum í fullu gildi og í samræmi við gerða samninga. Yfirvöld hafa ekki sett neinar kröfur á t.d. flugfélög um að ferðalangar þurfi að framvísa ferðaskilríkjum í tengslum við flugferðir innan Norðurlanda. Það

virðist ekki heldur vera nokkuð sem flugfélögin krefjast almennt samkvæmt þeim upplýsingum sem er að finna á vefsíðum þeirra.

Fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda,

Gunnar Strömmer